



# STARFSHÓPUR UM STEFNU Í ÖLDRUNARÞJÓNUSTU AKRANESKAUPSTAÐAR

Tillaga starfshópsins að stefnu Akraneskaupstaðar í öldrunarþjónustu


Desember 2023





# ERINDISBRÉF

- Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 15. september 2022 að stofna starfshóp sem hefur það markmið að marka stefnu í öldrunarþjónustu Akraneskaupstaðar.
- Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins þá er velferðar- og mannréttindaráð ábyrgðaraðili verkefnisins.
- **Tillögur starfshóps:**
  - Að bæjarstjóri annist framkvæmd stefnunnar og beri ábyrgð á að viðeigandi endurskoðun stefnunnar eigi sér stað.
  - Að sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs beri ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að gæta að því að reglur og verklag sé í samræmi við stefnuna og að viðeigandi starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.
- **Fulltrúar í starfshóp:**
  - Elsa Lára Arnardóttir (B), Anna Sólveig Smáradóttir (S), Ragnheiður Helgadóttir (D), Kristján Sveinsson (öldungaráð), Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir (Höfði), Sigurður Sigursteinsson (HVE), Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna, Kristín Björg Jónsdóttir deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu.
- *Starfshópurinn átti að skila af sér niðurstöðum 30. september sl. en fékk frest út nóvember 2023.*






# MARKMIÐ STARFSHÓPSINS

Verkefni starfshópsins var að móta stefnu í öldrunarmálum Akraneskaupstaðar með eftirfarandi atriði að leiðarljósi:


- Samspil heimaþjónustu og heimahjúkrunar.
- Skilgreina hlutverk Höfða hjúkrunarheimilis í málefnum eldra fólks.
- Brúa bilið milli þess að eldra fólk búi í heimahúsum eða á hjúkrunarheimili.
- Þjónusta við eldra fólk sem kýs að búa sjálfstætt.
- Þjónustugæði og tækifæri í stafrænni þjónustu.





# INNTAK VERKEFNA STARFSHÓPS


- 29 fundir frá október 2022.
- **Stuðst við:**
  - skýrslu starfshóps SSV um öldrunarmál á Vesturlandi.
  - niðurstöður íbúapings um farsæl efri ár á Akranesi.
- Kynningar, m.a. frá Akraneskaupstað, ÍA, Öryggismiðstöðinni, Virkni og vellíðan, Væntumþykju í verki.
- **Starfshópurinn:**
  - kynnti sér samþætta öldrunarþjónustu hjá Reykjavíkurborg.
  - Heimsóttum búsetuúrræðið Sléttuna og þjónustuúrræðin þar.
  - skoðaði búsetuúrræði og fékk kynningu á öldrunarþjónustu í Borgarnesi.
- Fundur með SSV og kynning á „Gott að eldast.“
- Hittum bæjarráð, öldungaráð og stjórn Feban.
- Kynning á niðurstöðum fyrir velferðar- og mannréttindaráði, bæjarráði, öldungaráði, stjórn Höfða hjúkrunarheimilis og Feban.





# HELSTU TILLÖGUR STARFSHÓPS

- Stofnun Móttöku- og matsteymis vegna þjónustu við eldra fólk.
- Stofnun Endurhæfingarteymis um þjónustu við eldra fólk.
- Tillögur lagðar fram um heilsuefningu eldra fólks.





# TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

- Stækkun Höfða hjúkrunarheimilis:
  - fjölga hjúkrunarrýmum, nýbygging á Höfða fyrir sérhæfða dagdvöl, almenna dagdvöl, sveigjanlega dagdvöl, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun.
  - opnuð verði endurhæfingarrými.
  - hvíldarrýmum fjölgað.
  - aukið við stöðugildi sjúkraþjálfara og iðjuþjálfra.
- Uppbygging búsetuúrræðis á borð við „Sléttuna“ á Akranesi.
- Samið verði við þjónustufyrirtæki í öryggismálum með sólarhringsvöktun og fasta viðveru á Akranesi.
- Samið verði við sérfræðinga í velferðartækni.
- Dalbraut 4 verði opnuð 2 – 3 kvöld í viku sem félagsmiðstöð fyrir eldra fólk.
- Auglýsa þarf betur það sem er í boði fyrir eldra fólk á Akranesi.





# MÓTTÖKU- OG MATSTEYMI

## Tillaga:

- Lagt er til að stofnað verði þverfaglegt Móttöku- og matsteymi sem taki á móti umsóknum um stuðningsþjónustu/heimaþjónustu hjá Akraneskaupstað, HVE og dagdvölinu á Höfða.
- Móttöku- og matsteymið getur verið byggt upp á “grunni” þess þverfaglega hóps sem starfar í dag í stuðningsþjónustu, heimahjúkrun og innan hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða.
- Móttöku- og matsteymið setur sér verklagsreglur um hversu oft er fundað, setur sér reglur og auglýsir hvernig verklagið verður.

## Tilgangur:

- að einfalda umsóknaferla og hafa yfirsýn yfir þjónustubörfina á einum stað.

## Ferill/verklag:

- einstaklingar 67 ára og eldri með lögheimili á Akranesi geta sótt um félagslega heimaþjónustu, dagdvöl og jafnvel heimahjúkrun, ef læknisvottorð liggur fyrir á sama eyðublaðinu.
- aðilar starfa saman við að sníða þjónustuna sem best að þörfum notandans á sem skilvirkastan hátt.
- Samþætting þjónustunnar er fyrst og fremst ætluð til að samþætta og bæta þjónustuna fyrir notendur.

## Kostnaðarmat:

- Starfshópurinn leggur til að fundarseta verði hluti af starfi þeirra sem sitja í Móttöku- og matsteyminu. Aðeins er um að ræða breytt verklag frá núverandi vinnulagi og hjá þeim starfsmönnum sem vinna nú þegar í þjónustunni. Að öllum líkindum mun því Móttöku- og matsteymið ekki fela í sér aukinn kostnað.

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrutarjinstu/EXjle8rDYy5Anbgf8e989sYBKq\\_D3331pvqZdhxNQhz-Wg?e=VKFTBt](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrutarjinstu/EXjle8rDYy5Anbgf8e989sYBKq_D3331pvqZdhxNQhz-Wg?e=VKFTBt)





# ENDURHÆFINGARTEYMI

## Tillaga:

- stofnað verði þverfaglegt endurhæfingateymi fyrir eldra fólk á Akranesi þar sem saman starfa m.a. iðjubjálfi, sjúkrábjálfari, hjúkrunarfræðingur og/eða aðrir fagaðilar. Endurhæfingarteymið getur kallað til sín aðra fagaðila eftir þörfum hverju sinni.

## Tilgangur:

- Endurhæfa einstaklinga við að ná ákveðnum markmiðum varðandi líkamlega getu, athafnir og þátttöku í samfélaginu. Áætlunin er sett upp í þverfaglegu endurhæfingarteymi í samvinnu við einstakling og fjölskyldu viðkomandi.


## Ferill/verklag:

- Endurhæfingateymi tekur við tilvísunum frá Móttöku- og matsteymi um stuðningsþörf.
- Teymið greinir stöðuna út frá tilvísun, setur upp aðgerðaáætlun um þjónustu, vinnur sjálfst að aðgerðum eða setur í viðeigandi farveg.
- Lagt er til að samið verði við öldrunarlækni um að vera tengiliður við endurhæfingateymi.

## Kostnaðarmat/fjármögnun:

- Lagt er til að Sjúkratryggingar Íslands, Akraneskaupstaður og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi standi straum af kostnaði við verkefnið. Þar er sérstaklega litið til þess fordæmis sem kostnaðarþátttaka Sjúkratrygginga Íslands er í samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar um samþætta þjónustu heimahjúkrunar og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.
- Einnig er lagt til að sótt verði um fjármagn í formi styrkja hjá þar til bærum aðilum eins og Velferðarráðuneytinu og Lýðheilsusjóði og SSV.

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnstu/ESiprwC3MZ1Lojqr3nevXTUBb\\_VWFyEyEkxa7VaevBW\\_IA?e=AY8ZHA](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnstu/ESiprwC3MZ1Lojqr3nevXTUBb_VWFyEyEkxa7VaevBW_IA?e=AY8ZHA)







# ENDURHÆFINGATEYMI - KOSTNAÐARMAT

Áfangi	2023	2024	2025
Endurhæfingarteymi	Undirbúningur	28,4	28,4
Öldrunarlæknir	Sí greiðir	-	-
HVE	50% hlutdeild	14,2	14,2
Akraneskaupstaður	50% hlutdeild	14,2	14,2
Samtals:		28,4	28,4

Lagt til að það verði eitt endurhæfingarteymi fyrir Akranes og kostnaðaráætlun 2017-2019 höfð til hliðsjónar frá Reykjavík.

## Kostnaður reiknaður út frá:

1 stöðugildi fagaðila sem stjórnar teyminu og undirbýr stofnun þess.

2 stöðugildi sjúkraliða – fylgir eftir áætlun inn á heimili.

2 stöðugildi félagsliða – fylgir eftir og vinnur skv. áætlun inn á heimili.

0,5 stöðugildi hjúkrunarfræðings – ráðgjöf og eftirfylgd.

0,5 stöðugildi sjúkrapjálfara – ráðgjöf og eftirfylgd.

6 stöðugildi sem vinna í teyminu, taka ákvarðanir um endurhæfingu og fylgja málum eftir inn á heimili fólks.

Gert er ráð fyrir hlutdeild SÍ til að greiða niður launakostnað heilbrigðisstarfsfólks.

Annar kostnaður fellur á þær stofnanir sem standa saman að endurhæfingarteyminu, þ.e. HVE og Akraneskaupstað.





# ENDURHÆFING Í HEIMAHÚSI - KOSTNAÐARMAT

	Mán	Ár
Sjúkraþjálfun á heimili	300.000	3.600,000
Kostn. SÍ		
Kostnaður þátttakenda	Óákveðið	

Önnur stuðningsþjónusta við vinnu inn á heimilum:

Sjúkraþjálfun heim, leiðbeiningar og eftirfylgd á heimilum.

Áætlað 20 klst. á mánuði.

Tíminn kostar í kringum 15.000 kr.

Samtals 300.000 á mánuði en kostnaðarskipting milli SÍ, Akraneskaupstaðar og þátttakenda er enn óákveðin.

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESmKTMgD\\_a5BqCeSFO6MoYMBCs5lqLf2jRBtCTxbFDBfUQ?e=06l8aC](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESmKTMgD_a5BqCeSFO6MoYMBCs5lqLf2jRBtCTxbFDBfUQ?e=06l8aC)





# HEILSUEFLING

## Tillaga:

- Marka stefnu Akraneskaupstaðar er varðar heilsueflingu eldra fólks og vinna aðgerðaráætlun út frá henni.
- Lögð verði áhersla á sambærilegt verkefni og Kópavogsbær er að gera með verkefninu „Velliðan og virkni“ þar sem ÍA héldi utan um heilsueflingu þar sem sinnt væri hreyfingu, félagslegum úrræðum/tómstundum, fræðslu (svo sem hvað varðar næringu, geðheilsu, svefn, þjálfunaráhrif og fl.) og kynningum (t.d. önnur hreyfiúrræði hjá einkaaðilum, aðildarfélögum ÍA og fl.).
- Rýna í markhópa og hvar þörfin er brýnust. Taka þarf afstöðu til afnota af íþróttahúsnæði bæjarfélagsins með betra aðgengi að heilsueflingu í huga. Skoða þarf möguleikann á akstri (frístundastrætó eða annarri akstursþjónustu).
- Skoða þarf gjaldskrá og taka afstöðu til erindis Öldungaráðs um frístundastyrki.
- Ekki ætlað til að hætta með eitthvað sem nú þegar er í gangi, heldur til að bæta við og ná til stærri hóps eldra fólks.

## Tilgangur:

- Kallað hefur verið eftir samþættingu á þjónustu og úrræðum fyrir þennan aldurshóp, 67 ára og eldri, yfirsýn og kynningu á því sem er í boði, ásamt því að bjóða upp á kostnaðarminni úrræði eða bjóða upp á styrki til að mæta kostnaði.

## Ferill/verklag:

- Gert verður samkomulag við ÍA um að sjá um alla skipulagningu á heilsueflingu fyrir aldurshópinn 67 ára og eldri. Sérstök áhersla verði lögð á þann hóp sem í dag sinnir lítið heilsueflingu. ÍA bjóði upp á hópþjálfun þar sem lögð er áhersla á styrk, þol, liðleika og jafnvægisþjálfun. Hægt verði að sækja um niðurgreiðslu í hópþjálfunarræði í gegnum frístundastyrk.

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnstu/Ec1p0Ay7-a9PqkwbmxPKQSgB6qyu1EuECFosVv3YMIDmmA?e=ow0qan>





# HEILSUEFLING - KOSTNAÐARMAT

<b>Frístundastyrkur</b>	<b>16.714.000 *</b>		<b>Miðað við lágsta gjald</b>
<b>Gjald þátttakenda</b>		<b>Misjafnt eftir námskeiðum</b>	
<b>Íþróttakennari</b>		<b>1.800.000</b>	<b>Sem kemur á Dalbraut</b>
<b>Húsnæði</b>			<b>Innri leiga</b>
<b>Stofnbúnaður</b>	<b>250.000</b>		<b>Tækjakaup</b>
<b>Auglýsingar og annar kostnaður</b>	<b>250.000</b>		<b>Auglýsingar og annar kostnaður</b>

- Í tillögunum hér fyrir ofan er miðað við að um 50% eldra fólks muni nýta sér frístundastyrk og sækja námskeiðið Velliðan og virkni. Kostnaður sem greiddur er til ÍA í formi þáttökugjalda sem og frístundastyrkur skal greiða þann kostnað sem verður til í kringum verkefnið. Ef þáttökugjöld og frístundastyrkur, ásamt styrkjum dugar ekki þá skal samtal eiga sér stað milli Akraneskaupstaðar og ÍA um fjármögnun verkefnisins.
- Þátttakendur geta einnig sótt um styrk í stéttarfélagin sín en margir á aldrinum 67 – 70 ára eru enn á vinnumarkaði.
- Athuga með styrki frá SSV, ÍSÍ, UMFÍ, Velferðarráðuneytisins og Menntamálaráðuneytisins.
- Miðað er við það að þeir aðilar sem nú nýta sér heilsueflingu hjá FEBAN og hjá einkaaðilum geti haldið því áfram að óbreyttu.

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnustu/ERttNULaoKtNgtlgWwXdvlG6HtBKrihI85CAr4R5RxaMQ?e=f8qF73>





# BÚSETA – HÖFÐI

## Höfði hjúkrunarheimili:


- Stækka Höfða og bæta við 26 rýmum. Hægt að byggja tvær hæðir ofan á nýjasta áfanga heimilisins.

## Aðgerðaáætlun:

- fá samþykki Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og stjórnar Höfða fyrir því að óska eftir því við heilbrigðisráðherra að heimilið verði stækkað og komist inn á framkvæmdaáætlun ráðherra.
- Komist stækkunin inn á framkvæmdaáætlun ráðherra, kostnaðarmetin og tryggt fjármagn þá þarf að huga að skipulagsmálum hjá Akraneskaupstað.

## Rökstuðningur:

- Þrátt fyrir aukin úrræði í velferðartækni og heimaþjónustu þar sem einstaklingum er mætt þar sem þeir eru staddir þá er mikil fjölgun framundan í hópi eldra fólks og fyrir séð að fjölgun verður á þeim sem þurfa á hjúkrunarrýmum að halda.
- Samkvæmt húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar kemur fram að þörfin í dag sé 86 hjúkrunarrými en við höfum einungis 70 varanleg hjúkrunarrými og 5 biðhjúkrunarrými. Lágspá segir þörfina árið 2032 séu 94 rými, miðspá segir 103 og háspá segir 140 rými.
- Þann 23. nóvember sl. voru 40 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrýmum, 5 eftir dvalarrýmum og 47 eftir hvíldarrýmum.






# BÚSETA – HÖFÐI

## Höfði hjúkrunarheimili - dagdvöl, sjúkra- og iðjubjálfun:

- Lagt til að byggt verð húsnæði úti á Sólmundarhöfða fyrir dagdvöl (almenna, sérhæfða, sveigjanlega), sjúkra- og iðjubjálfun.
- Auka þarf stöðuhlutfall sjúkraþjálfara og iðjubjálfa.
  - Til að sinna íbúum heimilisins og þeim einstaklingum sem koma í dagdvöl.

## Aðgerðaáætlun:

- Fá samþykki eigenda og stjórnar Höfða fyrir nýbyggingunni og óska eftir því að framkvæmdin komist á framkvæmdaáætlun ráðherra eða fái styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.
- Kostnaðarmeta þarf tillöguna og gera ráð fyrir fjármagni í áætlunum.
- Samþykkja þarf aukningu á launakostnaði vegna aukningar á stöðuhlutfalli sjúkraþjálfara og iðjubjálfa.






# BÚSETA – HÖFÐI

## Höfði hjúkrunarheimili - endurhæfingarrými og hvíldarrými:

- Lagt til að opnuð verði að lágmarki tvö endurhæfingarrými á Höfða.
  - Taki við einstaklingum sem eru t.d. að jafna sig eftir aðgerðir eða áverka.
  - Endurhæfingartími í rými væri 6 – 8 vikur.
  - Einstaklingar myndu útskrifast að þeim tíma loknum og fá þjónustu eftir þörfum.
  - Fjölga þurfi hvíldarrýmum á Höfða.
    - Þeir sem fá eingöngu heilsu- og færnismat í dvalarrými eiga einungis kost á tveggja vikna hvíldarplássi á Höfða í senn. En einstaklingar geta átt rétt á átta vikum á ári.
    - Mikil eftirspurn er eftir hvíldarinnlögnum á Höfða. Í dag eru 47 einstaklingar á biðlista eftir hvíldarrýmum.

## Aðgerðaáætlun:

- Fá samþykki fyrir því að sækja um til heilbrigðisráðherra að fá heimild fyrir rekstri endurhæfingarrýma og aukningu á hvíldarrýmum.





# BÚSETA - ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR


## Tillaga:

- Akraneskaupstaður fari í viðræður við aðila, annað hvort verktaka eða hjúkrunarheimili sem byggja þjónustuíbúðir samanber Sléttuna eða önnur sambærileg búsetuúrræði.

## Aðgerðaáætlun:

- Akraneskaupstaður sýni fram á hvaða lóðir koma til greina fyrir uppbyggingu þjónustuíbúða og starfshópurinn er sammála um að ákjósanlegir staðir fyrir uppbyggingu sem þessa sé í nálægð við grunnþjónustuna sem veitt er.

|








# BÚSETA - ÖRYGGISMÁL

## Tillaga:

- Samningar gerðir við þjónustufyrirtæki í öryggismálum sem býður upp að velferðartækni og að viðkomandi öryggisfyrirtæki bjóði upp á sólarhringsvöktun á Akranesi þannig að viðbragðstími sé stuttur ef bregðast þarf við.
  - Annað gefur falskt öryggi.
- Það er stefna Akraneskaupstaðar að þjónusta fólk sem lengst í heimahúsum og starfshópurinn er sammála um að aukin velferðartækni styðji við þá stefnu.

## Aðgerðaáætlun:

- Forsvarsmenn Akraneskaupstaðar hefja sem fyrst samtali um aukna þjónustu, aukið öryggi og aukna velferðartækni við þjónustufyrirtæki í öryggismálum og kynni sér þá þjónustu sem boðið er upp á.





# BÚSETA – KVÖLDOPNUN Á DALBRAUT

## Tillaga:

- Opna Dalbraut 4, tvö til þrjú kvöld í viku og um helgar.
  - Um væri að ræða sjálfssprottið félagsstarf, eins og t.d. horfa saman á leiki, spila, syngja eða annað sem áhugi er á.

## Tilgangur:

- Efla félagslega samveru eldra fólks og auka þátttöku utan heimilis með svipuðum hætti og gert er með ungmennum Akraneskaupstaðar.
  - Með þessu telur starfshópurinn að við séum að efla félagslega virkni eldra fólks.


## Aðgerðaáætlun:

- Fyrstu skref gætu verið að kalla saman fund í Öldungaráði, Feban eða stærri hóp og ræða hugmyndir þeirra sem eru eldra fólk um hvernig þessari starfsemi væri háttað.

## Kostnaðarmat:

- Ráðinn inn ábyrgðaraðili sem bæri ábyrgð á húsinu í kvöld- og helgaropnunum. Kostnaður í kringum 6 milljónir á ári.

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EVxfdvKVEwxMohj-5Mib6HIBUjAlZxetiA9EuyhqULs3PQ?e=KmUYJU>





# BÚSETA – KOSTNAÐARMAT

Tegund	Fjölgun	Kostnaður		Ábendingar
Höfði fjölgun rýma	26 rými	Frankvæmdasjóður 40% eða 85%	Sveitarfélag 60% eða 15%	Nánar útskýrt í texta.
Sveigjanleg dagdvöl	50% stg fagaðila 50% stg ófaglærðs	10 milljónir á ársgrundvelli samtals.		
Kvöldverður og annar rekstur	Miðað við 5 aðila og 2 starfsmenn	1.000.000		Á ársgrundv.
Endurhæfingarrými	2 rými ár	45.000.000		Á ársgrundv.
Hvildarrými	1 rými ár	17.500.000		Á ársgrundv.
Sjúkraþjálfari	100% stg	12.000.000		
Iðjuþjálfari	100% stg	9.500.000		
Stofnframlag	Húsnæðisfélag	Reglur um stofnframlag.		Nánar útskýrt í texta.
Öryggisvöktun	Allar nætur	37.500.000		Miðað við næturþjónustu
Velferðartækni	Allt árið			Sjá nánar í texta.
Dalbraut húsvarsla	50% stg	6.000.000		
Auglýsingar og annar kostnaður	Auglýst á netmiðlum, Feban og auglýsingar úti í bæ	200.000		


<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EYWABHQBO7tEiezGTnGwCcoBLPth5yzapMZXMT4G6b4Xdw?e=YD3nWA>





# NIÐURSTÖÐUR

- Niðurstaða starfshópsins var að koma fram með tillögur sem eru í áttina að samþættingu.
  - Akraneskaupstaður er eitt tilraunasveitarfélaga sem tekur nú þátt í innleiðingu á verkefninu „Gott að eldast.“
- Lagt er til að stofnað verði þverfaglegt Móttöku- og matsteymi með það að markmiði að efla enn frekar þá góðu samvinnu sem er á milli heimaþjónustu og heimahjúkrunar.
  - Markmiðið er að fækka þeim skrefum sem einstaklingar þurfa að taka þegar þeir þurfa á þjónustu að halda.
- Lagt er til að starfsemi Höfða verði aukin:
  - Stærra heimili með fleiri hjúkrunarrýmum, sveigjanleg dagdvöl, fá endurhæfingarrými, fjölga hvíldarrýmum og auka við stöðugildi sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara.
- Lagt er til að við byggingu þjónustuíbúða verði hugað að öryggisvöktun, samanber Sléttuna.
- Gerður verði samningur við öryggisfyrirtæki sem býður upp á velferðartækni til þess að þjónusta enn betur eldra fólk sem býr sjálfstætt.
  - Skilyrði að öryggisfyrirtæki sé með þjónustu á Akranesi allan sólarhringinn. Annað gefur falskt öryggi.
- Lagt er til að auka velferðartækni og stafræna þjónustu.






# STEFNAN LÖGÐ FRAM

Stefna Akraneskaupstaðar í málefnum eldra fólks lögð fram til umræðu/samþykktar:

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjinstu/EWVMIWbt4MBNq09\\_CJkfPccB\\_ibm3Jj5ESOBNaVya3xOrg?e=g35iWA](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjinstu/EWVMIWbt4MBNq09_CJkfPccB_ibm3Jj5ESOBNaVya3xOrg?e=g35iWA)





# GÖGN

- Móttöku- og matsteymi:

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EXjle8rDYy5Anbgf8e989sYBKq\\_D3331pvqZdhxNQhz-Wg?e=unbAvC](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EXjle8rDYy5Anbgf8e989sYBKq_D3331pvqZdhxNQhz-Wg?e=unbAvC)

- Endurhæfingarteymi:

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESiprwC3MZ1Lojqr3nevXTUBb\\_VWFyEyEkxa7VaevBW\\_IA?e=4bPN3i](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESiprwC3MZ1Lojqr3nevXTUBb_VWFyEyEkxa7VaevBW_IA?e=4bPN3i)

- Endurhæfingarteymi – kostnaðarmat:

[https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESmKTMgD\\_a5BqCeSFO6MoYMBcS5lqLf2jRBtCTxbFDBfUQ?e=op5CtM](https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ESmKTMgD_a5BqCeSFO6MoYMBcS5lqLf2jRBtCTxbFDBfUQ?e=op5CtM)

- Heilsuefling og félagsleg þátttaka:

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/Ec1p0Ay7-a9PqkwbmPKQsG6qyu1EuECFosVv3YMIDmmA?e=74XXw6>

- Heilsuefling og félagsleg þátttaka – kostnaðarmat:

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/ERttNULaoKtNgtlgWwXdvlG6HtBKrihl85CAr4R5RxaMQ?e=kPZ4fc>

- Búsetumál - skýrsla:

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EVxfdvKVEwxMohj-5Mib6HIBUjAIZxetiA9EuyhqULs3PQ?e=GxKc3A>

- Búsetumál - kostnaðarmat:

<https://akraneskaupstadur.sharepoint.com/:w:/s/Starfshpurumstefnumtunldrunarjnostu/EYWABHQBO7tEiezGTnGwCcoBLPth5yzapMZXMT4G6b4Xdw?e=8h97Q2>





# TAKK FYRIR OKKUR

Einhverjar spurningar?

